

Tillaga mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs um að Reykjavíkurborg þiggi boð um þátttöku í The Cities Today Institute - Digitalization & Innovation.

Mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráð leggur til að Reykjavíkurborg þiggi boð um þátttöku í samtökunum Cities Today Institute-Digitalization & Innovation. Um er að ræða rótgróin, óhagnaðardrifið samtök sem hafa það m.a. að leiðarljósi að tengja saman leiðtoga innan borga er sinna nýsköpun og tæknidrifinni framþróun. Ráðið leggur til að sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs verði fulltrúi Reykjavíkurborgar í samtökunum. Engin meðlima- eða árgjöld eru innheimt en mælst er til þess að meðlimir taki þátt í einum fundi á ári.

Greinargerð:

Þekkingarmiðlun á milli borga er bæði mikilvæg og nauðsynleg. Viðfangsefni borga eru víðast svipuð og því er oft hægt að leita eftir eða deila mikilvægri reynslu og/eða upplýsingum á milli aðila. Þetta er ekki síst mikilvægt þegar kemur að tæknilausnum og tæknimiðaðri þróun. Cities Today er virtur vettvangur og það felst ákveðin viðurkenning í því að Reykjavíkurborg hafi sérstaklega verið boðin þátttaka. Markmið samtakana eiga einnig mikinn samhljóm með markmiðum og stefnu Reykjavíkur.

Engin fjárhagsleg skuldbinding fylgir þátttökunni og fjármagn vegna hugsanlegs kostnaðar sem kann að skapast í kringum fundarsókn eða annað er til staðar innan fjárheimilda þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Sjá nánari upplýsingar í fylgiskjölum.

Sign.